

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

dags. 22.08.2025
Verkefnanúmer A298603

Rafstrengur við Laufafell – Viðbrögð við umsögnum við matsskyldufyrirspurn

Öryggisfjarskipti ehf. hafa móttengið umsagnir frá umsagnaraðilum við matsskyldufyrirspurn fyrir nýjan rafstreng við Laufafell. Fyrirspurnin var send til Skipulagsstofnunar 15. júlí 2025 og gaf stofnunin frest til að skila umsögnum til 19. ágúst 2025. Alls bárust 7 umsagnir en Umhverfis- og orkustofnun veitti ekki umsögn. Viðbrögð Öryggisfjarskipta ehf. má sjá hér að neðan.

1 Forsætisráðuneytið

Umsögn forsætisráðuneytisins	Viðbrögð Öryggisfjarskipta ehf.
Forsætisráðuneytið vísar til erindis Skipulagsstofnunar frá 22. júlí sl., þar sem óskað er umsagnar við tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu á grundvelli 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, vegna framkvæmdar sem Öryggisfjarskipti ehf., áforma að fara í við Laufafell í Rangárþingi ytra. Á toppi Laufafells að Fjallabaki er ein af fjarskiptastöðvum Neyðarlínunnar. Neyðarlínan rekur fjarskiptastöðina til hagsbóta og öryggis fyrir vegfarendur og aðra ferðalanga á stórum svæðum umhverfis fellið, á Fjallabaki, Laugaveginum og víðar. Í stöðinni eru farsíma- og Tetrasendar. Neðan fellsins er smávirgjun sem framleiðir orku fyrir fjarskiptastöðina sem flutt er með rafstreng sem liggur austan megin við fellið. Núverandi rafstrengur fer upp á fellið um kletta þar sem grjóthrun er talsvert og skemmdir á strengnum tíðar með tilheyrandi truflunum á fjarskiptaþjónustu og viðgerðakostnaði. Öryggisfjarskipti ehf, sem eiga og reka mannvirkin, hyggjast því leggja nýjan rafstreng í jörð í stað þess gamla og tryggja þannig öruggan flutning raforku fyrir fjarskiptastöðina. Um er að ræða lágspennustreng sem er um 2,5 cm að þvermáli. Ný áformuð strengleið yrði vestan megin við fellið, niður öxl á fellinu og með rótum Laufafells en heildarlengd strengsins verða tæpir 4 km. Landið sem um ræðir er þjóðlenda og afréttarland sem tilheyrir Rangárþingi ytra. Framkvæmdin felur í sér lagningu rafstrengs í jörð á tæplega 4 km leið frá stöðvarhúsinu við rætur Laufafells í fjarskiptamastur á toppi Laufafells. Gert er ráð fyrir að strengurinn liggi frá stöðvarhúsinu og að fjallveginum Fjallabaksleið syðri þar sem strengurinn þverar veginn. Þaðan liggur hann áfram eftir rótum Laufafells meðfram Laufahrauni í átt að Laufavatni en þaðan er hann lagður upp öxl í fellinu að mastrinu. Núverandi strengur verður aflagður og fluttur á brott. Leiðin er valin með tilliti til jarðvegs og landslags þannig að lagning gangi sem best fyrir sig og valdi minnsta mögulega raski. Leiðin er jafnframt eina færa leiðin með okutæki niður fellið. Aðrir hlutar á toppi fellsins eru klettur. Núverandi strengur fer niður kletta en vegna mikils grjóthruns verður hann iðulega fyrir tjóni með tilheyrandi truflunum á fjarskiptaþjónustu og viðgerðakostnaði. Um er að ræða lágspennustreng fyrir allt að 1 kV spennu, um 2,5 cm í þvermál. Strengurinn verður plægður niður með traktorsgröfu. Almennt þarf ekki að laga yfirborðið en ef þörf er á er það gert með hrifu og skóflu. Reynsla Neyðarlínunnar af því að plægja niður strengi sýnir að ef vel er	Ekki er þörf á viðbrögðum.

Umsögn forsætisráðuneytisins	Viðbrögð Öryggisfjarskipta ehf.
staðið að verki hverfi ummerki fljótlega, sérstaklega þar sem um er að ræða laust yfirborðsefni líkt og sand. Rasksvæðið takmarkast aðeins við breidd gröfunnar sem gera má ráð fyrir að sé um 2,1-2,4 m. Eftir gröfuna eru óveruleg för sem verða lagfærð eftir þörfum og eiginlegt rask því aðallega plógfarið sjálft. Ekki er þörf á slóðagerð eða annarri efnistöku vegna framkvæmdanna. Miðað við þessar forsendur er gert ráð fyrir heildarrasksvæði sem er u.þ.b. 1 ha. Lögð verður áhersla á að lágmarka allt óparfa rask og gert er ráð fyrir að ummerki á svæðinu hverfi á um þremur árum. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin taki um 2 daga og fari fram í september 2025 ef veður leyfir. Rekstrartími strengsins er um 50 ár. Þegar kemur að Fjallabaksleið syðri verður farið í gegnum veginn en sú framkvæmd tekur um 20 mínútur. Framkvæmdir takmarka því ekki umferð nema í stutta stund. Auk þess er gert ráð fyrir að framkvæmdir fari fram í september þegar lítil umferð er á svæðinu. Haft verður samband við Vegagerðina í tengslum við þverun vegarins. Strengurinn mun ekki þvera vistkerfi eða jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Strengurinn mun liggja rétt utan við Laufahraun að hluta sem flokkast sem eldhraun á nútíma sem nýtur sérstakrar verndar. Leitast verður eftir því að koma í veg fyrir rask á hrauninu. Í gildi er deiliskipulag fyrir hluta af svæðinu sem unnið var vegna smávirkjunarinnar og var samþykkt í maí 20148. Breyta þarf orðalagi í gildandi deiliskipulagi með tilliti til þessarar framkvæmdar.	
Umrædd framkvæmd er innan Rangárvallafréttar sem er þjóðlenda skv. úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 3/2003. Um þjóðlendur gilda lög nr. 58/1998. Leyfi ráðherra þarf fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda, vindorku og fyrir hvers kyns aðgerðum og verkefnum sem miða að því að auka bindingu kolefnis eða draga úr losun kolefnis á svæði innan þjóðlendu sem skilgreint er fyrir slíka nýtingu lands í skipulagsáætlun hlutaðeigandi sveitarfélags skv. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998. Öll önnur nýting lands og landsréttinda í þjóðlendum eru háð leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, þó þannig að sé nýtingin til lengri tíma en eins árs, þarf jafnframt samþykki ráðuneytisins skv. 3. mgr. 3. gr. sömu laga. Samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlenda óháð tímalengd. Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við áformaða framkvæmd en tekur fram að mikilvægt sé að þverunarleyfi frá Vegagerðinni liggi fyrir áður en framkvæmdir hefjast, öll tilskilin leyfi hlutaðeigandi sveitarfélags sem og að jákvæð umsögn frá Minjastofnun liggi fyrir áður en til framkvæmda kemur. Ráðuneytið telur einnig mikilvægt að breytingar á deiliskipulagi séu gerðar áður en framkvæmdir hefjast. Ráðuneytið telur að nægjanlega sé gerð grein	Sótt verður um öll tilskilin leyf, þar með talið til sveitarfélagsins og Vegagerðarinnar. Fyrir liggur umsögn Minjastofnunar þar sem fram kemur að Minjastofnun Íslandi telji ekki þörf á að umrædd framkvæmd fari í umhverfismat. Þá eru ekki taldar líkur á að fornleifar finnist á svæðinu en haft verður samband við Minjastofnun ef minjar finnast við framkvæmd verks. Ný lega rafstrengsins verður færð inn á deiliskipulag þegar staðfest lega hans liggur fyrir. Lögð er rík áhersla á að lágmarka rask og að vanda til við frágang þannig að áhrif á rekstrartíma verði óveruleg. Þegar strengurinn hefur verið plægður niður leggst jarðvegurinn yfir og yfirborðið verður slétt. Yfirborð er lagað þar sem þörf er á. Þá sýnir reynsla Neyðarlínunnar að ef vel er staðið að verki, hverfi ummerki fljótlega.

Umsögn forsætisráðuneytisins	Viðbrögð Öryggisfjarskipta ehf.
fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Ráðuneytið gerir kröfu um að sem minnst rask verði á landslagi, jarðvegi og á landi, að við frágang verði þess gætt að hafa yfirborð sem líkast aðliggjandi landi og að röskuð svæði verði mótuð í samræmi við landslag.	

2 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands	Viðbrögð Öryggisfjarskipta ehf.
Þann 22. júlí sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðrar lagningar á nýjum rafstreng á topp Laufafells að Fjallabaki í Rangárþingi ytra. Tilgangur fyrirhugaðrar lagningar er að tryggja öruggan flutning raforku frá smávirkjun sem er við rætur Laufafells að fjarskiptastöð Neyðarlínunnar sem er á toppi þess. Gert er ráð fyrir að strengurinn liggja frá stöðvarhúsi virkjunarinnar að fjallveginum Fjallabak syðri, þar sem strengurinn þverar veginn, þaðan liggur hann eftir rótum Laufafells meðfram Laufahrauni í átt að Laufavatni þaðan sem hann er lagður upp öxl í fellinu í átt að fjarskiptastöðinni, en áformuð leið er um 4 km að lengd. Rafstrengurinn, sem er um 2,5 cm að þvermáli, verður plægður niður í jörðina á um 1 m dýpi og áætlað er að rasksvæði takmarkist við breidd gröfunnar sem er um 2,1 - 2,4 m. Plógfar og far eftir gröfuna verða lagfærð eftir þörfum. Ekki er þörf á slóðagerð eða efnistöku vegna framkvæmdanna. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir standi yfir í 2 daga. Við mat á helstu umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar voru athuguð áhrif hennar á umhverfisþættina náttúrufar, jarðfræði, vatnafar, ásýnd, hljóðvist og samfélag. Að teknu tilliti til grunnástands, viðmiða, mögulegra umhverfisáhrifa og mótvægisáðgerða voru áhrif framkvæmdarinnar talin óveru leg fyrir alla þætti nema samfélag þar sem áhrifin voru metin verulega jákvæð. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin gerir nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.	Ekki er þörf á viðbrögðum við umsögn heilbrigðiseftirlitsins en þó skal sérstaklega á það bent að lögð er rík áhersla á að lágmarka rask og að vanda til við frágang þannig að áhrif á rekstrartíma verði óveruleg.

3 Náttúrufræðistofnun

Umsögn Náttúrufræðistofnunar	Viðbrögð Öryggisfjarskipta ehf.
Vísað er til erindis frá Rangárþingi ytra frá 22. júlí 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um matskyldufyrirspurn vegna rafstrengs í jörð á Laufafelli „Framkvæmdin felur í sér lagningu rafstrengs í jörð á tæplega 4 km leið frá stöðvarhúsinu við rætur Laufafells í fjarskiptamastur á toppi Laufafells. Gert er ráð fyrir að strengurinn liggi frá stöðvarhúsinu og að fjallveginum Fjallabaksleið syðri þar sem strengurinn þverar veginn. Þaðan liggur hann áfram eftir rótum Laufafells meðfram Laufahrauni í átt að Laufavatni en þaðan er hann lagður upp öxl í fellinu að mastrinu. Núverandi strengur verður aflagður og fluttur á brott. Fyrirhugaða legu strengsins má sjá á mynd 2-1 en mögulegt er að einhver hliðrun verði á leið strengsins ef aðstæður í umhverfinu kalla á það. Leiðin er valin með tilliti til jarðvegs og landslags þannig að lagning gangi sem best fyrir sig og valdi minnsta mögulega raski. Leiðin er jafnframt eina færa leiðin með ökutæki niður fellið. Aðrir hlutar á toppi fellsins eru klettur. Núverandi strengur fer niður kletta en vegna mikils grjóthruns verður hann iðulega fyrir tjóni með tilheyrandi truflunum á fjarskiptaþjónustu og viðgerðakostnaði. Um er að ræða lágspennustreng fyrir allt að 1 kV spennu, um 2,5 cm í þvermál. Strengurinn verður plægður niður með traktorsgröfu og leggst í botn plógfarsins á um eins metra dýpi. Síðan leggst jarðvegurinn yfir og yfirborðið verður slétt. Almenn þarf ekki að laga yfirborðið en ef þörf er á er það gert með hrifu og skóflu. Reynsla Neyðarlínunnar af því að plægja niður strengi sýnir að ef vel er staðið að verki hverfi ummerki fljótlega, sérstaklega þar sem um er að ræða laust yfirborðsefni líkt og sand. Rasksvæðið takmarkast aðeins við breidd gröfunnar sem gera má ráð fyrir að sé um 2,1-2,4 m. Eftir gröfuna eru óveruleg fôr sem verða lagfærð eftir þörfum og eiginlegt rask því aðallega plógfarið sjálft. Ekki er þörf á slóðagerð eða annarri efnistöku vegna framkvæmdanna. Miðað við þessar forsendur er gert ráð fyrir heildarrasksvæði sem er u.þ.b. 1 ha. Lögð verður áhersla á að lágmarka allt óþarfa rask og gert er ráð fyrir að ummerki á svæðinu hverfi á um þremur árum. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin taki um 2 daga og fari fram í september 2025 ef veður leyfir. Rekstrartími strengsins er um 50 ár.“	Ekki er þörf á viðbrögðum.
Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matskyldufyrirspurnina og telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og umhverfisáhrifum og að ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum. Um er að ræða viðkvæmt, lítt gróið svæði á hálendinu og nær strengleiðin að Friðlandinu að Fjallabaki á toppi Laufafells. Strengleiðin er innan svæðisins Emstrur og Fjallabak sem er á C-hluta náttúruminjaskrár og sést hún vel frá Fjallabaksleið syðri. Þá er svæðið hluti af Törfajökulseldstöðinni sem talin er einstök bæði á lands- og heimsvísu. Þar er stærsta líparít svæði landsins og innan Torfajökulsöskjunnar er stærsta jarðhitasvæði landsins. Árið 2011 samþykkti ríkisstjórn Íslands, að tillögu umhverfisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra, að bæta Torfajökulssvæðinu á yfirlitsskrá heimsmínja Íslands með tilnefningu til heimsmínjaskrár UNESCO í huga. Þann 15. apríl 2013 var Torfajökulseldstöðin (Friðland að Fjallabaki) samþykkt af UNESCO á yfirlitsskrá Íslands, en það er fyrsti áfangi í tilnefningu svæðis til heimsmínjaskrár UNESCO. Í yfirlitsskránni eru tiltekin	Framkvæmdaraðili tekur undir mikilvægi frágangs á svæðinu. Lögð er rík áhersla á að lágmarka rask og að vanda til við frágang þannig að áhrif á rekstrartíma verði óveruleg. Þegar strengurinn hefur verið plægður niður leggst jarðvegurinn yfir og yfirborðið verður slétt. Yfirborð er lagað þar sem þörf er á. Það ætti því ekki að vera hætt á því að rofni út frá förum eða rásum í hlíðum Laufafells.

Umsögn Náttúrufræðistofnunar	Viðbrögð Öryggisfjarskipta ehf.
fjögur atriði sem talið var að gætu uppfyllt viðmið UNESCO fyrir heimsminjasvæði, þrjú þeirra tengjast jarðminjum og eitt landslagi. Þetta er hins vegar mikilvæg framkvæmd vegna öryggissjónarmiða en vegna mikilla náttúruverðmæta þarf allur frágangur að vera til fyrirmyndar og þarf að gæta þess að ekki verði skilin eftir för eða rásir í hlíðum Laufafells sem rofnað getur út frá.	

4 Náttúruverndarstofnun

Umsögn Náttúruverndarstofnunar	Viðbrögð Öryggisfjarskipta ehf.
Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar dags. 22. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar vegna fyrirspurnar um matsskyldu framkvæmdar sem felur í sér lagningu rafstrengs í jörð frá stöðvarhúsi við rætur Laufafells í fjarskiptamastur á toppi Laufafells í Rangárþingi ytra. Markmið framkvæmdarinnar er að tryggja örugga orkuöflun fyrir fjarskiptastöð Neyðarlínunnar á Laufafelli, sem þjónar öryggi ferðalanga og vegfarenda á svæðinu. Framkvæmdarlýsing Um er að ræða lágspennustreng, allt að 1 kV, með þvermál um 2,5 cm á 4 km kafla. Ný leið rafstrengsins verður vestan megin við Laufafell, niður öxl á fellinu og með rótum þess að hluta, meðfram Laufahrauni og að vatni sem nefnist Laufavatn. Fyrirhugað rasksvæði er metið um 1 ha að flatarmáli, en breidd raskaðs svæðis nemur að jafnaði 2,1–2,4 m. Framkvæmdin er að mestu leyti afturkræf og gert er ráð fyrir að ummerki hverfi á 2–3 árum. Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að strengurinn verður plægður niður með gröfu að um 1 m dýpi og jarðvegur settur yfir að lokinni framkvæmd. Ekki verður þörf á slóðagerð eða annarri efnistöku. Núverandi strengur verður fjarlægður	Ekki er þörf á viðbrögðum.
Náttúruvernd Svæðið er þjóðlenda og afréttarland innan marka Rangárþings ytra. Fyrirhuguð leið rafstrengs liggur að mestu innan svæðis sem nefnist Emstrur og Fjallabak og er á náttúruminjaskrá yfir aðrar náttúruminjar (nr. 761). Svæðið er jafnframt innan hálendismarka og skilgreint sem óbyggt svæði í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016–2028, en þar er áhersla lögð á að viðhalda óbyggðu yfirbragði hálendisins og stuðla að bættu öryggi ferðamanna og fjarskipta. Náttúruverndarstofnun bendir á að jarðstrengurinn liggur innan svæðis Torfajökulseldstöðvarinnar. Árið 2011 samþykkti ríkisstjórn Íslands að bæta Torfajökulssvæðinu á yfirlitsskrá heimsminja fyrir Ísland og var það samþykkt af UNESCO árið 2013. Í yfirlitsskránni er gerð grein fyrir þeim náttúrufyrirbærum Torfajökulssvæðisins sem þykja einstök á heismælikvarða. Samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun friðlands að Fjallabaki er stefnt að því að mörk friðlandsins verði breytt þannig að öll Torfajökulseldstöðin verði innan marka friðlandsins svo hægt verði að halda áfram vinnu við að gera svæðið að heimsminjasvæði. Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að við framkvæmd hafi sem minnst áhrif á náttúruminjar og ásýnd svæðisins með tilliti til verðmæta þess. Landslag og ásýnd Svæðið kringum Laufafell tilheyrir afréttinum Emstrur í suðurhluta hálendisins, vestan Mýrdalsjökuls. Emstrur er lýst sem „eyðilegt beitolandsvæði“ þar sem nokkrir stakir, lágir en brattir tindar prýða landslagið. Laufafell er einn þessara tinda, tengdur við samfelldan móbergsfjallgarð sem rís yfir jafnfjarlægum hraun- og sandfláa. Hlíðarnar eru brattar og myndaðar úr móbergs- og hraunlögum sem eru rofin af frostveðrun og vatnsrennsli; gróður er lítil nema í lögðum þar sem mosa- og grasbrestir skriða upp hlíðarnar. Við rætur fellsins tekur við nokkuð flatlænt Laufahraun og votlendi	Lögð er rík áhersla á að lágmarka rask og að vanda til við frágang þannig að áhrif á rekstrartíma verði óveruleg. Þegar strengurinn hefur verið plægður niður leggst jarðvegurinn yfir og yfirborðið verður slétt. Yfirborð er lagað þar sem þörf er á. Þá sýnir reynsla Neyðarlínunnar að ef vel er staðið að verki hverfi ummerki fljótlega.

Umsögn Náttúruverndarstofnunar	Viðbrögð Öryggisfjarskipta ehf.
við Laufavatn. Um svæðið liggur vinsæll gönguleið, Laugavegurinn, sem tengir Landmannalaugar og Þórsmörk. Ásýnd og sjónræn áhrif Rask á yfirborði verður sýnilegt meðfram leiðinni þegar framkvæmd stendur yfir og fyrstu árin á eftir. Þar sem fjallshlíð Laufafells er brött og lítið gróin gæti myndast lína eða ójafna í landinu sem er sýnileg úr nærumhverfi, t.d. frá gönguleiðum í nágrenninu. Áhrif á fjallshlíðina sjálfa eru takmörkuð við mjóan, beina farveg; strax að lokinni framkvæmd verður yfirborðsjarðvegi komið fyrir til að hraða gróðurframvindu og minnka varanleg ör á landslagi.	
Áhrif og mótvægisáðgerðir Fjallasýnin frá nærliggjandi gönguleiðum er ein helsta náttúruupplifun ferðafólks á þessu svæði. Í greinargerð kemur fram að núverandi rafstrengur liggi niður kletta og hafi orðið fyrir skemmdum vegna grjóthruns með tilheyrandi truflunum á þjónustu og viðgerðakostnaði. Núverandi strengur er því ekki loftlína, heldur strengur sem liggur á yfirborði eða í landinu sjálfu, og getur verið nokkuð sýnilegur í bröttum og gróðurlitlum fjallshlíðum. Að mati Náttúruverndarstofnunar gæti framkvæmdin haft lítil til miðlungs neikvæð áhrif á ásýnd fjallshlíðar Laufafells meðan á framkvæmd stendur, en með rétttri framkvæmd og frágangi er líklegt að sárið verði tímabundið. Hins vegar ætti að mati stofnunarinnar að skoða aðra valkosti um hvort væri hægt að færa strenginn lengra í vestur og tengja hann við slóða sem fer í Fallabaksleið syðri og fylgja veginum og slóðum að skálanum. Varðandi mótvægisáðgerðir þá ættu þær að fela í sér: - Að leggja strenginn eftir náttúrulegum öxlum og forðast skarpan skurð í bröttum hlíðum. - Í gróðurlausum skriðum ætti ekki að sá grasfræi og nota tilbúin áburð, nema um einærar grastegundir er að ræða. Gróskumikið graslendi mun stinga verulega í stúf við næsta nágrenni. - Að geyma yfirborðsjarðveg (svarðlag, torf og mosa) og leggja hann yfir strenginn að lokinni plægingu til að flýta endurheimt gróðurs og fela ummerki. (namur.is) - Að fylgja viðurkenndum verklagsreglum á hálendissvæðum um frágang og eftirlit og hafa virkt samstarf við Landgræðsluna um gróðurframvindu. Val á leið með tilliti til umhverfisáhrifa Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að við val á legu jarðstrengja á viðkvæmum hálendissvæðum og með tilliti til verðmæta þess, sé ávallt horft til þess að lágmarka umhverfisáhrif, bæði á náttúruvar, landslag og ásýnd svæðisins. Í sumum tilvikum getur það falið í sér að velja lengri eða krókóttari leið (sjá valkosti að ofan) til að forðast viðkvæm svæði, þ.m.t. hraun, gróið land, vistgerðir með hátt verndargildi eða svæði sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Slíkt getur skilað því að rask og sjónræn áhrif verði minni til lengri tíma lítið, þó að framkvæmdin verði umfangsmeiri eða leiðin lengri. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að meta vandlega alla valkosti við leiðarval og velja þá legu sem hefur minnstu neikvæðu áhrifin á umhverfi og ásýnd, jafnvel þótt hún feli í sér lengri eða kostnaðarsamari framkvæmd.	Leiðin er valin með tilliti til jarðvegs og landslags þannig að lagning gangi sem best fyrir sig og valdi minnstu mögulegu raski. Leiðin er jafnframt eina færa leiðin með ökutæki niður fellið. Skoðað var að fylgja slóða. Hann liggur um gróið hraun og ekki er pláss við hlið slóðans fyrir strenglagn nema með því að valda frekari raski á hrauninu en orðið er. Talsvert rask myndi fylgja plægingu í gróft hraunið. Valin leið veldur mun minna sjáanlegu varanlegu raski. Strengurinn liggur að hluta til upp öxl á fellinu. Frá öxlinni og niður að Laufavatni liggur strengurinn í hlíðinni á stuttum kafla. Gert er ráð fyrir að jarðvegur leggist ofan á strenginn eftir að hann hefur verið plægður niður. Almennt þarf ekki að laga yfirborðið en ef þörf er á er það gert með hrífu og skóflu. Þá verður grasfræjum ekki sáð. Strenglagnin fer ekki um gróið land nema á stuttum kafla, aðallega þar sem áður voru lögð rör að virkjuninni. Sá hluti hefur gróið vel upp með sömu gróðurtegundum og eru fyrir. Við plægingu verður mun minna rask en við rörlögn og er því þess ekki að vænta að það þurfi sérstakt eftirlit með gróðurframvindu.

5 Minjastofnun

Umsögn Minjastofnunar	Viðbrögð Öryggisfjarskipta ehf.
Minjastofnun Íslands hefur móttengið erindi Skipulagsstofnunar í Skipulagsgáttinni, þar sem óskað er eftir umsögn um matsskyldufyrirspurn vegna áforma Öryggisfjarskipta ehf (Neyðarlínunnar), um lagningu jarðstrengs á um 4 km leið upp á topp Laufafells, þar sem rekin er fjarskiptastöð. Strengurinn mun liggja frá smávirkjun við suðvestur rætur fellsins, þaðan til norðurs með fjallsrótum og svo til austurs, upp fjallshlíðina um gil í fellinu. Greinargerðin er unnin af COWI: <i>Rafstrengur við Laufafell. Fyrirspurn um matsskyldu.</i> (dagsett 15. júlí 2025). Leið strengsins er sýnd á mynd 2-1 í greinargerð, bls. 7 en gert er ráð fyrir að plægja hann með traktorsgröfu á um 1 metra dýpi. Fyrirliggjandi fornleifaskráningar á svæðinu eru tvær. Önnur var unnin í tengslum við gerð Rammaáætlunar, vegna nýtingar jarðvarma á Torfajökulssvæðinu, Magnús A. Sigurðsson og Sólborg Una Pálsdóttir: <i>Torfajökull og umhverfi. Fornleifaskráning</i> (Fornleifavernd ríkisins, Rv 2008). Nær sú skráning yfir allt ofangreint framkvæmdasvæði. Auk þess hefur verið skráð vegna gerðar aðalskipulags fyrir Rangárþing ytra og var gefin út árið 2014. Kristborg Þórsdóttir et. al.: <i>Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra. Áfangaskýrsla III</i> (Fornleifastofnun Íslands ses, Rv. 2014) Skráningar þessar gefa gott yfirlit yfir minjar á svæðinu. Engar þekktar minjar eru í námunda við fyrirhugaða strengleið og litlar líkur á að minjar finnist á þessari leið. Ekki er talin ástæða til að kalla eftir frekari gögnum. Í greinargerð er fjallað um fornleifar í kafla 3.6 og er þar vakin athygli á að hafa skuli samband við Minjastofnun ef minjar finnast óvænt við framkvæmd verks, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, Mikilvægt er að það sé haft í huga þegar að framkvæmdum kemur. Minjastofnun Íslands telur ekki þörf á að umrædd framkvæmd fari í umhverfismat. og hefur stofnunin ekki frekari athugasemdir við framkvæmdina.	Við framkvæmd verks verður lögð rík áhersla á mikilvægi þess að hafa samband við Minjastofnun ef minjar finnast.

6 Rangárþing ytra

Umsögn Rangárþings ytra	Viðbrögð Öryggisfjarskipta ehf.
Fundur: Sveitarstjórn Rangárþings ytra - 44 (13.8.2025) - Rafstrengur við Laufafell. Tilkynning um matskyldu Dags: 13.08.2025 Inngangur: Öryggisfjarskipti ehf leggur fram matstilkynningu vegna tilkynningaskyldrar framkvæmdar á verndarsvæði í Þjóðlendu. Framkvæmdin felur í sér lagningu rafstrengs í jörð á tæplega 4 km leið frá stöðvarhúsinu við rætur Laufafells í fjarskiptamastur á toppi Laufafells. Gert er ráð fyrir að strengurinn liggi frá stöðvarhúsinu og að fjallveginum Fjallabaksleið syðri þar sem strengurinn þverar veginn. Þaðan liggur hann áfram eftir rótum Laufafells meðfram Laufahrauni í átt að Laufavatni en þaðan er hann lagður upp öxl í fellinu að mastrinu. Núverandi strengur verður aflagður og fluttur á brott. Niðurst.: Lagt til að niðurstaða skipulags- og umferðarnefndar verði samþykkt. Samþykkt samhljóða. Fundur: Skipulags- og umferðarnefnd Rangárþings ytra - 47 (8.8.2025) - Rafstrengur við Laufafell. Tilkynning um matskyldu Dags: 08.08.2025 Inngangur: Öryggisfjarskipti ehf leggur fram matstilkynningu vegna tilkynningaskyldrar framkvæmdar á verndarsvæði í Þjóðlendu. Framkvæmdin felur í sér lagningu rafstrengs í jörð á tæplega 4 km leið frá stöðvarhúsinu við rætur Laufafells í fjarskiptamastur á toppi Laufafells. Gert er ráð fyrir að strengurinn liggi frá stöðvarhúsinu og að fjallveginum Fjallabaksleið syðri þar sem strengurinn þverar veginn. Þaðan liggur hann áfram eftir rótum Laufafells meðfram Laufahrauni í átt að Laufavatni en þaðan er hann lagður upp öxl í fellinu að mastrinu. Núverandi strengur verður aflagður og fluttur á brott. Niðurst.: Skipulags- og umferðarnefnd hefur farið yfir tilkynningu matsaðila. Niðurstaða nefndarinnar er að endurnýjun á rafstreng við Laufafell sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. viðmið í 2. viðauka laga nr. 106/2000. Því skuli framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Nefndin vill ítreka að ný lega rafstrengsins skuli færð inná deiliskipulag þegar rétt lega hans liggur fyrir.	Ný lega rafstrengsins verður færð inn á deiliskipulag þegar staðfest lega hans liggur fyrir. Hvað varðar fyrirspurnarskýrsluna er ekki þörf á viðbrögðum.

7 Vegagerðin

Umsögn Vegagerðarinnar	Viðbrögð Öryggisfjarskipta ehf.
Vegagerðin hefur fengið til umsagnar tilkynningu vegna ákvörðunar um matsskyldu lagningu rafstrengs við Laufafell, dags. dags. 15.07.2025. Vegagerðin hefur farið yfir tilkynninguna í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Við matið er tekið mið af lögbundnu hlutverki stofnunarinnar, sem felst í að tryggja greiðar og öruggar samgöngur á sjó og landi. Að mati Vegagerðarinnar eru fyrirhugaðar framkvæmdir ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á þjóðvegi sem er á forræði stofnunarinnar né rekstur þeirra. Vegagerðin vekur athygli á að samkvæmt 13. gr. laga nr. 80/2007 um vegi og 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 1227/2012 um framkvæmdaleyfi og verklag við framkvæmdir á og við þjóðvegi er óheimilt að framkvæma verk sem hafa áhrif á mannvirki í umsjón Vegagerðarinnar nema að fengnu framkvæmdarleyfi stofnunarinnar. Einnig skal framkvæmdaraðili bera allan kostnað af frágangi og tryggja að vegur verði fær og í fullu ásigkomulagi að framkvæmdum loknum.	Framkvæmdaraðili mun sækja um öll tilskilin leyfi, þar á meðal til Vegagerðarinnar vegna þverunar Fjallabaksleiðar syðri. Lögð er rík áhersla á góðan og vandaðan frágang og mun framkvæmdaraðili sjá til þess að vegurinn verði fær og í góðu ásigkomulagi að framkvæmdum loknum.